

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 17. janúar 2025 í máli nr. 87/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 24. júlí 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér 1569,79 USD.

### II

#### Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi þann 26. ágúst 2024 var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Varnaraðili staðfesti móttöku boðs um aðild þann sama dag en engin andvör bárust kæruneftndinni.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, staðfesting á kaupum sóknaraðila á bíltryggingu hjá varnaraðila og skilmálar varnaraðila, staðfesting á greiðslu sóknaraðila vegna tjóns, CABAS tjónamat [...], dags. 27. júní 2024, afrit af skriflegum samskiptum aðila og greiðslukortayfirlit sóknaraðila vegna júnímánaðar 2024.

Með bréfi, dags. 16. janúar 2025 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili leigði bifreið af gerðinni [...]af varnaraðila, fyrir milligöngu bóknarfyrirtækisins [...], dagana 19. júní til 3. júlí 2024 og greiddi varnaraðila 1349,04 evrur fyrir. Sóknaraðili festi jafnframt kaup á svokölluðum „Premium Insurance Package“ við upphaf leigutímans, alls að fjárhæð 490 evrur/525,26 USD. Að sögn sóknaraðila sprakk rúða í sóllúgu bifreiðarinnar skyndilega og án nokkurs tilefnis á ferðalagi hans um [...] þann 21. júní 2024. Kveðst sóknaraðili hafa verið nauðbeygður að aka bifreiðinni í því ásigkomulagi um 400 km aftur á starfsstöð varnaraðila við [...]. Krafði varnaraðili sóknaraðila um greiðslu að fjárhæð 1.744,22 evrur vegna tjónsins þann sama dag sem sóknaraðili greiddi þá þegar. Samkvæmt framlögðu greiðslukortayfirliti sóknaraðila jafngilti sú fjárhæð 1.865,99 USD. Vísar sóknaraðili til þess að starfsmaður varnaraðila hafi upplýst hann um að tjón á sóllúgu væri ekki tryggt með þeirri aukatryggingu sem sóknaraðili festi kaup á. Þá hafi viðkomandi einnig sagt að ekki væri unnt að útiloka að sóknaraðili hafi sjálfur valdið umræddu tjóni með því að hoppa á þaki bifreiðarinnar. Að sögn sóknaraðila hafi hann fengið aðra bifreið til umráða frá varnaraðila en sú hafi bilað rétt hjá [...] nokkrum dögum síðar. Hafi sóknaraðili þurft að skilja bifreiðina þar eftir og leigja aðra bifreið hjá öðru fyrirtæki til að ljúka ferðalagi sínu. Að ósk sóknaraðila endurgreiddi varnaraðili honum hluta af greiddu leigugjaldi í kjölfarið. Með tölvupósti sínum, dags. 27. júní 2024, upplýsti varnaraðili sóknaraðila að mat hefði verið framkvæmt á tjóni bifreiðarinnar og samkvæmt því næmi viðgerðarkostnaður 809,50 evrum að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá upplýsti varnaraðili að sóknaraðila bæri jafnframt

að greiða svokallað „*Damaged Vehicle Administration Fee*“ að fjárhæð 167,54 evrur. Í kjölfarið endurgreiddi varnaraðili sóknaraðila alls 767,18 evrur sem jafngilti 821,46 USD þann dag.

Sóknaraðili telur sig ekki bera ábyrgð á tjóni á sóllúgu bifreiðarinnar og krefst þess að varnaraðili endurgreiði greiddan viðgerðarkostnað að fjárhæð 1044.53 USD. Þá krefst sóknaraðili endurgreiðslu sem nemur kaupverði aukatryggingar að fjárhæð 525,26 USD. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi blekkt hann til að kaupa umrædda tryggingu sem svo reyndist ekki tryggja allt tjón sem kynni að verða á bifreiðinni. Alls krefst sóknaraðili þess að varnaraðili endurgreiði honum 1569,79 USD.

#### IV

##### Lagaumhverfi

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Nánar er mælt fyrir um gerð leigusamnings í reglugerð nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra bifreiða.

#### V

##### Niðurstaða

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir nefndinni og verður því byggt á þeim gögnum og upplýsingum sem stafa frá sóknaraðila.

Sóknaraðili tók á leigu bifreið hjá varnaraðila dagana 19. júní til 3. júlí 2024 og greiddi 1.349,04 evrur fyrir. Þá festi sóknaraðili kaup á tryggingu vegna leigunnar við afhendingu bifreiðarinnar og greiddi varnaraðila 525,26 USD fyrir. Á þriðja degi leigutímabilsins sprakk rúða í sóllúgu bifreiðarinnar. Varnaraðili krafði sóknaraðila um greiðslu 1.865,99 USD þann 21. júní 2024 í viðgerðarkostnað. Sóknaraðili greiddi umkrafað fjárhæð sama dag. Í kjölfar þess að tjónamats [...], dags. 27. júní 2024 var aflað endurgreiddi varnaraðili sóknaraðila 821,46 USD. Sóknaraðili ber því við að hafa ekki verið valdur að umræddu tjóni og krefst endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar sem hann var krafinn um auk kaupverðs aukatryggingar („*Premium Insurance Package*“). Nemur krafa sóknaraðila því 1.569,79 USD.

Í framlögðu tjónamati [...], dags. 27. júní 2024, er áætlaður kostnaður við viðgerð að fjárhæð 120.695 krónur. Kostnaður vegna viðgerðarinnar var sundurliðaður með eftirfarandi hætti:

|                                 | <u>Time</u> | <u>Rate p/hour</u> | <u>Amount</u> |
|---------------------------------|-------------|--------------------|---------------|
| „Glass work (Order time incl.)“ | 0,86        | 17.251             | 14.836        |
| „Parts (Discount 0)“            |             |                    | 76.109        |
| „Incidental Material“           |             |                    | 890           |
| „Administrative cost“           |             |                    | 5.500         |

Samtala framangreindra fjárhæða var sögð 97.335 krónur og virðisaukaskattur tiltekinn 23.360 krónur. Í athugasemdum með tjónamatinu sagði m.a. eftirfarandi: „*Damage evaluation only. Repair has not been completed. It is unknown who will repair it or when the repair will be made....*“

Óumdeilt er að tjón varð á sóllúgu bifreiðarinnar þegar sóknaraðili var með hana á leigu en aðila greinir á um orsakir tjónsins og hver beri ábyrgð á því. Sóknaraðili ber því við að gler í sóllúgu bifreiðarinnar hafi sprungið án nokkurs tilefnis við akstur. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili vísað til þess umrætt tjón væri ekki bætt með þeirri tryggingu sem sóknaraðili festi kaup á. Þá hafi varnaraðili einnig gefið í skyn að mögulega hefði sóknaraðili valdið tjóninu með því að hoppa á þaki bifreiðarinnar með framangreindum afleiðingum.

Í hefðbundnum leigusamningum er meginreglan sú að leigusali ber áhættuna af því að leiguandlagið spillist af tilviljun á leigutímanum. Ef tjón á hinu leigða má rekja til saknæmrar háttsemi aðila er meginreglan sú að hvor aðila um sig ábyrgist það tjón sem hann hefur valdið. Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón og raunverulegt umfang þess vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni. Varnaraðili verður einnig að sýna fram á að sóknaraðili beri ábyrgð á tjóninu vegna saknæmrar og ólögðætrar háttsemi sinnar og að orsakatengsl séu á milli háttseminnar og tjónsins. Verði tjónið ekki rakið til athafna sóknaraðila verður varnaraðili að bera ábyrgð á því. Í málinu liggur ekkert fyrir sem staðreynir að varnaraðili hafi greitt viðgerðarkostnaðinn sem tilgreindur er í tjónamati [...] vegna viðgerðar á bifreiðinni, hvað þá aðra fjárhæð. Þá liggur ekkert fyrir um hvort viðgerð hafi í raun farið fram á bifreiðinni. Auk þess liggur ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi sýnt af sér gáleysi eða að öðru leyti nýtt bifreiðina í ósamræmi við skilmála varnaraðila. Fyrrgreint tjónamat, sem varnaraðili aflaði einhliða, dugar ekki eitt og sér til að sýna fram á fjárhagslegt tjón varnaraðila eða að því hafi verið valdið með skaðabótaskyldri háttsemi sóknaraðila.

Með vísan til framangreinds álítur kærunefndin að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón sitt vegna tjóns á bifreiðinni. Ekki verður séð á hvaða grundvelli varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 1044,53 USD frá sóknaraðila þann 27. júní 2024. Með hliðsjón af framangreindu verður fallist á kröfu um endurgreiðslu þessa kostnaðar.

Sóknaraðili gerir einnig kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða kaupverð framangreindrar aukatryggingar vegna bifreiðarinnar eða 525,26 USD. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili blekkt hann til að kaupa dýra tryggingu sem í raun tryggði hann ekki fyrir öllu tjóni líkt og sóknaraðili hafi haldið.

Í gögnum málsins er að finna afrit af samningi aðila um leigu á bifreiðinni. Af honum má ráða, líkt og áður hefur verið fjallað um, að sóknaraðili keypti aukatryggingu af varnaraðila, „*Premium Insurance Package*“. Samkvæmt almennum skilmálum varnaraðila, sem og upplýsingum af vefsíðu varnaraðila, var innifalið í þeirri tryggingu eftirfarandi: Third Pary Liability (TPL), Collision Damage Waiver (CDW), Theft Protection (TP), Super Collision Damage Waiver (SCDW), Sand and Ash Protection (SAAP), Gravel Portection (GP) og Tire Insurance (TI). Í tryggingunni fólst samkvæmt skilmálum varnaraðila m.a. að sóknaraðili bar enga sjálfsábyrgð vegna tjóns á bifreiðinni. Í leigusamningi aðila er hins vegar gerð grein fyrir tjónstilvikum sem eru undanskilin öllum tryggingum varnaraðila og segir m.a. eftirfarandi um það

í 6.4.4., sbr. 6.4.1.2. grein samningsins að tryggingar varnaraðila nái ekki yfir: „*g. damage affecting only wheels, tires, suspension, batteries, glass, radios, or loss by theft of parts of the vehicle and damage resulting from this.*“ Þær upplýsingar er jafnframt að finna á vefsíðu varnaraðila í umfjöllun hans um tryggingar. Í 12. lið leigusamningsins sem ber yfirskriftina „*Insurances and excess*“ segir að: „*I herby confirm my liability in accordance with the insurance stated in section 09-Charges Summary and according to the terms and conditions.*“ Þá kemur fram neðst í samningi aðila að: „*I, the renter have read, understood and agreed both to the conditions here above and to the rental agreements terms and conditions...*“ Af kvörtun sóknaraðila verður ráðið að varnaraðili hafi hafnað því að umrædd trygging næði yfir umþrætt tjón af bifreiðinni þar sem það félli undir undantekningu á bótaábyrgð í samræmi við fyrrnefndan g. lið. 6.4.1.2 greinar samnings aðila.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga skuli halda. Í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (sml.) er að finna undantekningu frá þeirri meginreglu. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sml. má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við það mat skal samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.

Sóknaraðili tók þá ákvörðun að semja við varnaraðila um kaup á aukatryggingu vegna leigu á bifreiðinni. Að sögn sóknaraðila byggði hann þá ákvörðun á upplýsingum frá starfsmanni varnaraðila sem hann kveður hafa fullyrt að allt tjón myndi falla undir hina keyptu tryggingu. Að mati kærunefndarinnar kemur skýrt fram í skilmálum varnaraðila sem fylgdu leigusamningnum sem sóknaraðili staðfesti með undirritun sinni þann 19. júní 2024 að hafa kynnt sér, hvaða tjonstilvik væru undanskilin tryggingu, þ.á m. skemmdir sem hafa aðeins áhrif á hjól, dekk, fjöðrun, rafhlöður, gler, útvarp eða tap vegna þjófnaðar á hlutum ökutækis auk skemmda sem hljótast af því. Verður því ekki séð að umþrætt tjón á gleri sóllúgu bifreiðarinnar hafi verið tryggt með tryggingunni sem sóknaraðili festi kaup á. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki séð að samningurinn sem slíkur hafi verið ósanngjarn eða andstæður góðri viðskiptavenju í skilningi 36. gr. sml. Verður því ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um fulla endurgreiðslu vegna kaupa á tryggingunni.

Af framangreindum leigusamningi verður hins vegar ráðið að hin keypta aukatrygging skyldi gilda allan leigutímamann eða í 14 daga frá 19. júní til 3. júlí 2024. Líkt og að framan greinir varð hin leigða bifreið fyrir tjóni á þriðja degi leigutímans og fékk sóknaraðila afhenta nýja bifreið frá varnaraðila í kjölfarið. Þremur dögum síðar bilaði sú bifreið á ferðalagi sóknaraðila um landið. Sömdu aðilar svo að leigusamningi aðila yrði rift og að varnaraðili myndi endurgreiða sóknaraðila fjárhæð sem næmi leigugjaldi fyrir þá 8 daga sem sóknaraðili nýtti ekki bifreiðina eða alls 1.048 evrur.

Í ljósi þess að varnaraðili féllst á að endurgreiða sóknaraðila leigugjald fyrir þann tíma sem hann nýtti ekki leigubifreiðina eða fyrir alls átta daga telur kærunefndin að ekki verði hjá því komist að fallast á kröfu um endurgreiðslu varnaraðila á þeirri fjárhæð sem nemur tryggingu fyrir sama tímabil eða alls 300,16 USD.

## VI Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 1.344,69 USD.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson